



HNE

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# STARFSLEYFI

**Norðurþing**

Kt. 640169-5599

Ketilsbraut 9

640 Húsavík

## -Flugeldasýning-

**Staðsetning:** Sorpurðunarsvæði utan við Kópasker

**Tímasetning:** 31.12.2022 kl:20<sup>30</sup>

**Ábyrgðaraðili:** Kristján Ingi Jónsson kt. 270273-4759

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m. s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma sem og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum fyrir flugeldasýningar

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.


### **Greinargerð:**

Sótt var um starfsleyfi þann 4. nóvember sl. tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HNE þann 18. nóvember fjögurra vikna frestur til athugasemda rann því út þann 16. desember 2022. Engar athugasemdir bárust og er því starfsleyfið útgefið óbreytt frá auglýstri tillögu.

20. desember 2022

f.h. Heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
NORÐURLANDS EYSTRA**

  
Leifur Porkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

# Starfsleyfisskilyrði fyrir flugeldasýningar

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi löggreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum
- 1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

## 2. SKILYRÐI

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi löggreglufirvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skylt er að haga allri háværri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátta er óhagstæð að mati löggreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæði sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:** Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða